



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Efni: Umsögn SI um breytingu á reglugerð um loftgæði, nr. 787/1999

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 205/2023, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að breytingu á reglugerð um loftgæði, nr. 787/1999. Í kynningu um málið segir að með boðaðri breytingu eru felld brott ákvæði er varða þynningarsvæði í reglugerð um loftgæði en með breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, var mörkuð sú stefna að hafa ekki ákvæði um þynningarsvæði í reglugerðum og starfsleyfum. Þess í stað skuli viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna gilda á losunarstað efnanna. Þá segir í kynningunni að reglugerðin hefur ekki verið breytt til samræmis við framangreinda stefnumörkun og því samrýmast ákvæði hennar sem lúta að þynningarsvæði ekki 1. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1998, þar sem segir að viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna skuli gilda á losunarstað efnanna við stöðina. Loks er áréttað að ákvæði um þynningarsvæði er að finna í fleiri reglugerðum og er stefnt að því að fella þau ákvæði á brott samtímis, þ.e. í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr. 514/2010 um brennisteinsvetni í andrúmslofti. Í ljósi þessa tekur eftirfarandi umsögn SI einnig tillit til þeirra breytinga og eiga þær að breyttu breytanda um þær tillögur.

Eins og áður segir er breytingin sett fram í þeim tilgangi að aðlaga ákvæði reglugerðanna til samræmis við breytingar sem hafa orðið á þeim sérlögum sem þær grundvallast á. Í ljósi þessa er ekki gerð sérstök athugasemd af hálfu SI hvað það markmið varðar. Eftir sem áður óska SI eftir að koma á framfæri einstaka ábendingum um skýrleika þessara breytinga sem og eftirfylgni og beitingu þessara ákvæða í reglugerð.

Ljóst er að með breytingunni er fallið frá fyrri framkvæmd þar sem þynningarsvæði í starfsleyfum voru skýrt afmörkuð og eftirfylgni með starfsleyfum þ.a.l. skýr er viðkemur mörk mælinga og uppsprettu losunar. Með afnámi þessarar afmörkunar vakna upp áleitnar spurningar um þá eftirfylgni og samræmt eftirlit með losun frá starfsstöðum. Í samræmi við almennar kröfur um setningu íþyngjandi ákvæða og skýrleika laga telja SI því enn ýmsum álitamálum ósvarað. Má þar nefna mikilvægi þess að skilgreina umfang og takmörk þessa ákvæðis í starfsleyfum svo það sé skýrt hversu langt það nær. Því þarf að skýra til muna ákvæðið til að skapa festu og eyða óvissu hvernig ákvæðið er útfært og framfylgt til að ná settu markmiði.

Má hér nefna sem dæmi að af lestri þessara breytinga sem boðaðar eru er með öllu óljóst eða óskýrt hvernig beri að túlka og/eða útfæra viðmiðunarmörk fyrir losun



mengandi efna gilda á losunarstað þeirra. Þannig er óskýrt með öllu hvort losunarstaður sé afmarkaður sem t.a.m. *uppspretta* (s.s. úr reykháf), *lóðarmörk* eða *jaðar iðnaðarsvæðis*. Þá telja SI líka óskýrt hvort breytt regluverk feli í sér að gert sé ráð fyrir þynningu á svæðum sem skilgreind eru sérstaklega sem iðnaðarsvæði í samræmi við þau réttindi og skyldur sem sú afmörkun felur í sér. Óvissa um þessi atriði er bagaleg og því verulegt hagsmunamál fyrir fyrirtæki að fá henni eytt.

Ef viðmið um losunarstað er *uppspretta*, þ.e. reykháfur, þá er um að ræða verulega íþyngjandi kröfur sem lagðar eru á fyrirtæki með tilheyrandi fjárfestingarkostnaði. Ítrekast hér sú almenna lögskýringarregla um skýrleika íþyngjandi ákvæða. Verða slík ákvæði að vera nánar afmörkuð í laga- og/eða reglugerðartexta til að draga úr því huglægu mati hverju sinni við beitingu þess ákvæðis. Með öðrum orðum verður framsetning og um leið eftirfylgni slíks ákvæðis að byggjast á hlutlægu mati en ekki huglægu. Í þessu samhengi benda SI á að samtökin hafa í samskiptum við umhverfisyfirvöld, vegna endurskoðunar á starfsleyfum, ítrekað mikilvægis þess að settar verði leiðbeiningar varðandi þær kröfur sem þetta breytta regluverk felur í sér.

Þá þarf um leið að tryggja samræmi við beitingu þessa ákvæðis við jafnt endurskoðun og/eða útgáfu starfsleyfa að teknu tilliti til þeirra leyfa sem þegar hafa verið grundvölluð á sömu forsendum. Að sama skapi þarf að útfæra ýmis önnur skilyrði um framkvæmd þessara breytinga. Má þar nefna sem dæmi staðsetningu loftgæðamælistöðva en gera má ráð fyrir að loftgæðastöð sé staðsett einhvers staðar innan núgildandi þynningarsvæðis. Telja SI í þessu samhengi mikilvægt að útfæra í reglugerð nánari viðmið eða leiðbeiningar við að mat staðsetningu þeirra.

Loks benda SI á að að taka þarf til skoðunar stöðu lítilla fyrirtækja þegar kemur að taka sameiginlega þátt í vöktun iðnaðarsvæða. Má í því samhengi má t.a.m. benda á að iðnaðarsvæðið á Grundartanga er eitt mest vaktaða iðnaðarsvæði hér á landi og ekkert sem í raun takmarkar áform stjórnvalda um hvað eigi að vakta, þ.e. í tómarúmi nánari leiðbeininga þar um. Er því mikilvægt að fyrir liggja nánari leiðbeiningar um slíka vöktum sem og þátttöku aðila á sameiginlegum iðnaðarsvæðum.

SI gera ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála